

Vistsporið



Fréttabréf Vistbyggðarráðs 2. tbl. 4 árg. 1. júlí 2014

Vel mætt á opinn fund í Norræna Húsinu

Meðal efnis:

- * Nýjir aðilar
- * Framkvæmdastýra í fullt starf
- * Vika vistvænna bygginga
- * Fundir og ráðstefnur
- * Námskeið á vegum VBR
- * Nordic Built—nýjar um-sóknir
- * Norrænt samstarf
- * Áskoranir á sviði sjálfbærni-Norrægar nálganir. Ráðstefna NorLCA
- * Morgunfundir— aðilar kynna áhugaverð verkefni

Þann 8. maí síðastliðinn stóð Vistbyggðarráð fyrir opnum fundi í Norræna Húsinu sem bar yfirskriftina, *Háhýsi eða smáhýsi í vistvænu skipulagi*. Á fundinum voru flutt fjögur áhugaverð erindi þar sem samspil bygginga og skipulags var sérstaklega skoðað út frá almennum skilgreiningum um sjálfbæra byggð. Í umræðunni um vistvænt skipulag er fókussinn oftast en ekki á það hversu há og þétt byggð þarf að vera til að ná fram markmiðum um þéttleika. Hérlandis er hins afar mikilvægt að taka tillit til staðbundinna einkenna eins og veðurfarar og sólagangs og skoða vel hvaða hlutverki dagsbirtan leikur í bæði hönnun bygginga og við skipulagningu byggðar. Jakob Lindal og Kristján Ásgeirsson frá Alark arkitektum kynntu nýtt skipulag Hlíðarendabyggðar í Reykjavík og

vistvænar áherslur í hönnun, Sigríður Magnúsdóttir frá teiknstofunni Tröð fjallaði um nýtt skipulag Vogabyggðar, endurbýggingu og umbreytingu byggðar með vistvænum áherslum. Dagsbirta í skipulagi og byggðu umhverfi, var svo umfjöllunarefni Önnu Sigríðar Jóhannesdóttur hjá VA arkitektum. Þá kynnti Sigríður Björk framkvæmdastýra VBR samstarfsverkefnið, Norræn viðmið um vistvæna þróun þéttbýlis, sem fer í gang í september. Hægt er að skoða flesta fyrirlestrana (glærur) á vef VBR undir starfsemi, opnir fundir. Fundurinn var vel sóttur og er óhætt að fullyrða að aukinn áhugi virðist vera á vistvænum áherslum í skipulagsgerð og má sjá þess merki í bæði nýju aðalskipulagi fyrir Reykjavík og tillögu að nýju svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið.



Ný stjórn kosin á aðalfundi

Aðalfundur Vistbyggðarráðs var haldinn þann 3. apríl síðastliðinn. Á fundinum voru kosnir 3 aðilar í stjórn. Auk þess var kosinn nýr varamaður í stað Lenu Kadmark sem fluttist til Svíþjóðar í byrjun árs. Stjórn er að mestu skipuð sömu fulltrúum og á fyrra ári. Nýr fulltrúi í

stjórninni er Haukur Magnússon sem kosinn var sem fulltrúi Íslenskra Aðalverktaka, sem nýverið gerðust aðilar á ný, en íAV voru meðal stofnfélaga árið 2010. Haukur er boðinn sérstaklega velkominn til starfa í stjórninni. Á fyrsta stjórnarfundinum sem haldinn var að loknum

aðalfundi var Helga Jóhanna Bjarnadóttir kosin formaður stjórna, Elin Vignisdóttir ritari og Guðmundur Tryggvi Sigurðsson gjaldkeri. Meðstjórnendur eru: Björn Guðbrandsson, Haukur Magnússon, Ásdís Hlökk Theodórsdóttir og Páll Gunnlaugsson.



Opnað fyrir umsóknir í Nordic Built

Nú hefur verið opnað á ný fyrir umsóknir í Nordic Built sjóðinn. Hægt er að sækja um styrk til nýsköpunarverkefna sem efla vistvæna byggð á Norðurlöndunum um leið og sett eru fram markmið um útflutning norrænnar þekkingar og reynslu. Verkefnin þurfa að fela í sér: nýjar hugmyndir um vistvænar byggingar og endurgerð, nýstárlegar viðskiptaáætlanir fyrir bæði nýbyggingar og endurgerð og/eða verkefni sem hafa það að leiðarljósi að koma áfram markmiðum þeim sem sett eru fram í sjálfbærnisáttmála Nordic Built og hvetja til Norrænnar samvinnu um uppbyggingu

og þróun sjálfbærra bygginga. Alls eru til úthlutunar að þessu sinni, rúmlega 365 milljónir kr. (20 millj. NKR) en hæsti styrkur sem eitt verkefni getur hlotið er 73 milljónir (4 millj. NKR). Um er að ræða eitt umsóknarþrep og hefur þegar verið opnað fyrir umsóknir. Umsóknafrestur rennur út þann 15. október. Verkefnin þurfa að fela í sér samstarf í þremur Norðurlöndum og standa yfir að hámarki í 36 mán. Nánari upplýsingar er hægt að fá vefsíðu Nordic Built.

<http://www.nordicinnovation.org/nordicbuilt/>



[Ljóm: Íslenskir sendiherrar Nordic Built á fundi í Osló 2013]

Nú er hægt að sækja um styrk í sjóð Nordic Built.

Hefur þitt fyrirtæki/stofnun áhuga á að taka þátt í norrænu samstarfsverkefni?

Nýjir aðilar

Á árinu 2014 hafa þegar tveir aðilar sótt um aðild, en það eru Íslenskir aðalverktakar og Steinull hf. Heildarfjöldi aðila er nú 34 en meðaltalsfjöldun aðila á síðustu 3 árum hefur verið u.þ.b. 3 aðilar á ári. Það er einkar ánægjulegt að fá framleiðendur eins og Steinull hf sem aðila, en markmiðið á næsta ári er að leggja sérstaka áherslu á að ná til



bæði framleiðenda og söluaðila byggingarefnis og mun áherslan og samvinnan í tengslum við norrænt samstarfsverkefni um gagnabanka fyrir vistvæn byggingarefni án efa gagnast þeim aðilum sem vilja auka gæði framleiðslu sinnar og/eða bjóða upp á umhverfisvottaðar gæðavörur.

Framkvæmdastýra í fullt starf frá 1. ágúst

Stjórn ákvað á fundi sínum í mars að auka starfshlutfall framkvæmdastýru. Sigríðar Bjarkar Jónsdóttur í fullt starf frá og með 1. ágúst næstkomandi, en Sigríður hefur sinnt starfi framkvæmdastýru í 50% starfshlutfalli frá ágúst 2010. Nýju fjármagni í formi Norrænna styrkja fylgja ný og spennandi samstarfsverkefni og mun framkvæmdastýra nú hafa svigrúm til þess að

sinna þessum verkefnum, ásamt því að skipuleggja námskeið og fleira sem vonandi verður til þess að styrkja enn frekar starfsemi Vist-



byggðarráðs.

Sigríður kveðst full tilhlökkunar til að takast á við aukin verkefni, ekki aðeins á sviði norræns samstarfs heldur sé það ekki síður mikilvægt að eiga virkt samstarf við núverandi aðila og vinna í því að fjölga nýjum aðilum á næsta ári.

Námskeið á vegum Vistbyggðarráðs næsta vetur

Næsta vetur mun Vistbyggðarráð standa fyrir tveimur stuttum námskeiðum. Um er að ræða opin námskeið en þau fyrirtæki og stofnanir sem eru aðilar munu fá afslátt af námskeiðsgjöldum fyrir starfsmenn sína. Bodið verður upp á tvö námskeið, annað með áherslu á vistvottun bygginga en hitt um vistvænt skipulag. Námskeiðin eru hugsuð sem ákveðinn grunnur og verður farið nokkuð almennt yfir viðfangsefnið.



Námskeiðin eru tilvalin fyrir þá sem hafa áhuga á að kynna sér vistvottun og hvernig hægt er að setja hana í samband við raunverulegar framkvæmdir og rekstur bygginga.

Í sumar verður unnin nánari áætlun um efnistöð og frekari skipulag, en ráðgert er að halda þessi námskeið um miðjan október og miðjan nóvember.

Norrænt samstarf

Sameiginleg ráðstefna norrænu Vistbyggðarráðanna 2015

Framkvæmdastjórar Norrænu Vistbyggðarráðanna munu í tengslum við fundi verkefnahópa norrænu samstarfsverkefnanna, hittast og bera saman bækur sínar og undirbúa sameiginlega ráðstefnu sem haldin verður í Kaupmannahöfn í byrjun maí 2015. Áhersla verður lögð á að skoða áhrif vistvænna bygginga og byggðs umhverfis á notendur, og hvernig mögulegt sé að mæla jákvæð áhrif

vistvænna bygginga á forsendum efnahags-, umhverfis- og ekki síst samfélagslegra þátta. Um er að ræða tveggja daga ráðstefnu þar sem bodið verður bæði upp á fyrirlestra og vinnustofur. Nánari dagskrá verður kynnt með haustinu, en þetta



er í 4 .sinn sem Norrænu Vistbyggðarráðin standa sameiginlega að ráðstefnu.

Verkefnafundir í september

Fyrstu vikuna í september verða haldnir verkefnafundir í báðum norrænu verkefnum; Norrænn gagnabanki fyrir vistvæn byggingarefni og Norræn viðmið um vistvæna þróun þéttbýlis. Fundirnir verða haldnir í Reykjavík og tekur Vistbyggðarráð þátt í að skipuleggja dagskrá þeirra.

DAGSKRÁ VBR HAUSTIÐ 2014

Ýmislegt er á dagskrá á vegum Vistbyggðarráðs næsta vetur og mun VBR taka þátt í viðburðum í tengslum við samstarfsaðila, bæði erlenda og innlenda. Meðal viðburðar eru:

Norrænir samstarfsfundir fyrstu vikuna í september,

Aðilafundur 11. september

Vika vistvænna bygginga í 22.-27. september

NorLCA ráðstefnan 2.-3.október

Opinn fundur á vegum VBR 23. október

Námskeið um miðjan október og aftur miðjan nóvember

Allir viðburðir eru auglýstir á vefsíðunni okkar og eru áhugasamir hvattir til að fylgjast með henni.

Þar er einnig að nálgast upplýsingar um erlendar ráðstefnur og fundi.

Áskoranir á sviði sjálfbærni—Norrænar nálganir

Dagana 2. og 3. október standa Norrænu samtökin NorLCA fyrir tveggja daga ráðstefnu um vistferilshugsun í Reykjavík sem ber heitið: Áskoranir á sviði sjálfbærni – norrænar nálganir. Vistbyggðarráð er einn samstarfsaðila en meðal annarra samstarfsaðila má nefna, DTU (Danmörku), EFLU, Landsnet, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Lands-

virkjun og Háskóla Íslands.

Óskað hefur verið eftir erindum á ráðstefnunna og rennur lokafrestur til að skila inn erindum út, þann 1. ágúst.

Nálgast má frekari upplýsingar á heimasíðu VBR eða á heimasíðu ráðstefnunar www.norlca.org



Í tengslum við ráðstefnuna verður farið í skoðunarferð um jarðvarmavirkjanir í nágrenni Reykjavíkur og borðað saman í Viðey

Samstarfsvettvangur um vistvæna þróun þéttbýlis á Íslandi

Ofanleiti 2, 103 Reykjavík
(Höfuðstöðvar Verkis)

Sími: 5712700

GSM: 8403838

Netfang: vbr@vbr.is /

sigridur@vbr.is

Vefsíða: www.vbr.is



facebook

Vistbyggðarráð er samráðsvettvangur fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana í mannvirkjageiranum sem eiga það sameiginlegt að stefna að aukinni útbreiðslu á vistvænum byggingaaðferðum, hönnun og skipulagi.

Megintilgangur Vistbyggðarráðs er að vera leiðandi vettvangur á sviði sjálfbærrar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi. Það er jafnframt hlutverk Vistbyggðarráðs að vera stefnumótandi og leiða umræðuna um vistvænar aðferðir og áherslur í samræmi við alþjóðleg viðmið um sjálfbæra þróun almennt.

Aðildafélög kynna áhugaverð verkefni—morgunfundir

Stjórn VBR hefur óskað eftir að kannað verði hvort áhugi sé á því hjá aðildafélögum að Vistbyggðarráð taki að sér að auglýsa og skipuleggja morgunfundi hjá aðilum næsta vetur og er hér með auglýst eftir tillögum að kynningum eða viðburðum. Þau fyrirtæki og stofnanir sem vilja kynna verkefni sem tengjast starfsemi eða áherslum Vistbyggðarráðs, geta haft samband við framkvæmdastýru. Reiknað er með að fundirnir séu haldnir í húsakynnum viðkomandi félags/stofnunar/fyrirtækis sem jafnframt bjóði upp á kaffiveitingar. Aðeins væri um stutta morgunfundi að ræða og miðað við að þeir standi yfir frá kl. 8:15- 9:30. Þetta er tilvalið tækifæri til að kynna verkefni sem eru í vinnslu og efla tengsl og umræðu meðal aðila.

Vika vistvænna bygginga dagana 22. -27. september

Að þessu sinni ber viku vistvænna bygginga ekki upp á sama tíma og evrópsk samgönguvika eins og svo oft hefur verið. Vistbyggðarráð hefur þó ákveðið að leggja áherslu á samgöngumál í viku vistvænna bygginga en vistvæn bygging er jú hluti af heildarskipulagi. Bestur árangur næst einmitt þegar gott samræmi er á milli hönnunar og útfærslu mannvirkja annars vegar og svo vistvænna markmiða í skipulagi. Í flestum vistvottunarkerfum fyrir byggingar eru ákvæði um samgöngur. Þar sem m.a er fjallað um staðsetningu byggingarinnar og tengsl hennar við samgöngunet. Þar eru jafnframt sett fram markmið um hönnun sem hvetur fólk til þess að nota aðra

samgöngumáta en einkabílinn. Þá skiptir staðsetning vistvænna bygginga máli og hvernig þær tengjast almennu samgöngukerfi, hvaða þjónusta er boðið upp á í göngufæri o.s.frv.

Vistbyggðarráð mun standa fyrir viðburði í viku vistvænna bygginga þetta árið sem stendur yfir dagana, 22.- 27. september. Viðburðurinn verður auglýstur þegar nær dregur en markmiðið er að vekja fólk til umhugsunar um samgöngur, hvaða hlutverki þær gegna og hvernig við getum notað vistvænar samgöngur til að bæta umhverfi okkar. Við sjálf þurfum að gera kröfur um úrbætur og vera sú breyting sem til þarf til að gera okkar nánasta umhverfi vist-

vænna og heilsusamlegra. Þá eru aðilar VBR hvattir til að nýta þetta tækifæri til að kynna sínar áherslur á þessu sviði, hvort sem það er góður árangur í tengslum við samgöngustefnu, framkvæmdir, hönnun eða breytingar. Tilvalið er að hafa kynningar, fara í göngutúra, hjólatúra, skoðunarferðir eða hvaðeina sem vekur fólk til umhugsunar um okkar manngerða umhverfi og hvetur til virkrar þátttöku almennings. Vistbyggðarráð mun kynna þessa viðburði á póstlista og á vefsíðu, en einnig er hægt að fá viðburði skráða á vefsíðu World Green Building Council og mun VBR hafa milligöngu þar um ef áhugi er fyrir hendi.

